

Skólaþing Seyðisfjarðarskóla 2019

Fimmta skólaþing Seyðisfjarðarskóla var haldið miðvikudaginn 9. október 2019 í Herðubreið. Skólaþingið er samkoma þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk, auk annarra Seyðfirðinga sem hafa áhuga á skólastarfinu, koma saman og ræða málefni sem eru mikilvæg fyrir skólann og þróun hans. Starfsfólki allra deilda Seyðisfjarðarskóla var boðið á þingið ásamt foreldrum og nemendum frá 5. – 10. bekk. Þeir nemendur sem mættu á þingið fengu síðan frí í tvær kennslustundir næsta morgun.

Þingið var auglýst með því að senda tölvupóst á öll heimili nemenda, á heimsíðu skólans, á heimasíðu kaupstaðarins og eins voru send dreifibréf í öll hús í bænum. Stjórnendur komu sér saman um málefni sem mikilvægt væri að skoða á þessu þingi og þar sem Seyðisfjarðarskóli er að innleiða uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar var ákveðið að helga skólaþingið því málefni. Umræðuefnin á þinginu voru ófrávíkjanlegar reglur, þ.e. hvaða reglur skólasamfélagið álitir að ættu að vera ófrávíkjanlegu reglur Seyðisfjarðarskóla og pælingar um gildi skólans.

Dagskráin var eftirfarandi:

- Kl. 17:00 **Setning þings** Svandís Egilsdóttir
- Kl. 17:05 **Erindi um Uppeldi til ábyrgðar** . Gestafyrirlesari,
Sveinbjörn Markús Njálsson fv. skólastjóri á Álftanesi.
- Kl. 17:30 **Umræðuhópar**
- Kl. 18:30 **Súpa og brauð ala Ragga í boði skólans og
pælingar um gildi Seyðisfjarðarskóla**
- Kl. 19:15 **Niðurstöður, fulltrúar úr hópum kynna
niðurstöður hvers hóps.**
- Kl: 19:55 **Samantekt og þingslit.**

Samantekt umræðuhópanna

Hvaða ófrávíkjanlegu reglur teljið þið að eigi að vera í okkar skólasamfélagi?

Ofbeldi/öryggi

- Engar líkamsmeiðingar.
Sleppa ofbeldi / sleppum að leggja hendur á fólk.
- Ofbeldi, hvort sem er líkamlegt eða andlegt, er bannað.
- Ekkert ofbeldi (nauðsynlegt að skilgreina)
- Ekkert ofbeldi,
- Ofbeldi bannað
- Ekkert ofbeldi
- Það má ekki meiða neinn, engar líkamlegar meiðingar.
- Engar líkamsmeiðingar
- Við ógnum ekki öryggi annara
- Engin vopn
- Hlaupa inni er bannað
- Engin vopn í skólanum
- Engin barefli eða vopn
- Bannað að fíkta í brunakerfi og slökkvitækjum.

Einelti

- Við líðum ekki einelti.
- Það má ekki leggja í einelti
- Einelti er bannað
- Ekkert einelti
- Við leggjum ekki í einelti
- Endurtekin stríðni er bönnuð

Kurteisi /virðing

- Það má ekki meiða neinn með orðum, athugasemdum eða athöfnum
- Bannað að skemma eigur annara sem og skólans.
- Göngum vel um skólann eigur hans og annarra.
- Virða skýr mörk annarra.
- Við skemmum ekki eigur annara
- Sýnum hvort öðru kurteisi í tali og framkomu.
- Tölum fallega við hvert annað / verum hvetjandi og jákvæð.
- Nemendum og starfsfólki ber að bera virðingu hvert fyrir öðru og sýna hvert öðru kurteisi
- Við förum vel með eigur okkar og annarra, skólans, nemenda og starfsfólks
- Berum virðingu með áherslu á orðræðu,
- Gerum okkar besta,
- Komum fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig,
- Göngum vel um,
- Hlýðum kennurunum.
- Virðum áhugann, tímann,, umhverfið og eigur annara
- Virðum skoðarnir
- Berum virðingu fyrir nemendum og starfsfólki
- Sýnum hvert öðru virðingu og kurteisi
- Sýnum virðingu bæði kennarar og nemendur
- Gagnkvæm virðing.

Annað

- Notkun áfengis, tóbaks og fíkniefna er bönnuð..
- Óútskýrðar fjarvistir eru ekki leyfilegar
- Okkur ber að fara eftir landslögum, m.a. hvað varðar umferðaröryggi, hjólanotkun o.þ.h.
- Engin vínuefni,
- Við erum heilsueflandi skóli (engin fíkniefni, áfengi, og tóbak)
- Snyrtilegt umhverfi
- Það á að mæta í alla tíma (nema um helgar og ef þú er veikur) á réttum tíma
- Engin fíkniefni eða ávanabindandi efni notuð á skólalóð
- Leyfa ekki að taka myndir af krökkunum á skólalóðinni, virða personuendalög
- Allir eiga alltaf að vera vinir
- Ekki breyta fyrirkomulaginu varðandi síma í skólanum.

- Nammi, gos, orkudrykkir og annað sykurfæði er bannað, þ.e.a.s. við veljum hollari kostinn enda erum við heilsueflandi samfélag
- Huga þarf að öryggi skólahúsnæðanna, m.a. hvað varðar aðgang að húsunum.
- Nota hjólagrindurnar í staðinn fyrir að setja hjólin fyrir framan innganginn
- Það er mikilvægt að við sýnum hvert öðru kurteisi og virðingu og er fullorðna fólkið fyrirmynd hvað það varðar.
- Okkur finnst að það eigi að vera vinnufriður í skólanum
- Það er mikilvægt að fara vel með ritföngin og aðrar eigur skólans því að það kostar peninga sem koma frá okkur öllum í samfélaginu
- Virðing: þegar við berum virðingu fyrir hvert öðru þá meiðum við ekki og skemmum ekki.
- Það þurfa allir að líta í eigin barm. Þegar við lögum okkur sjálf þá lagast allt annað.
- Engin vímuefni.
- Við líðum ekki einelti.
- Gagnkvæm virðing í hegðun og tali.
- Gerum okkar besta.
- Það á að koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.
- Ganga vel um.
- Hlýða kennurunum.
- Vinnufriður
- Mikilvægt að leyfa nemendum að taka þátt í ákvarðanatöku og ekki þvinga nemendur til að gera einhvað sem þeim líður illa með.
- Okkur líður betur án eineltis og ofbeldis
- Það er erfitt að vinna í ósnyrtilegu umhverfi og það getur verið hættulegt
- Allir eiga rétt á að það sé tekið tillit til þeirra
- Það er skólaskylda á Íslandi, það á að mæta í skóla og alla tíma
- Það má ekki meiða aðra og það er mikil ógn að bera vopn
- Til að tryggja öryggi má ekki hlaupa inni
- Ekki koma með dýr í skólann nema með með leyfi, því sumir hafa ofnæmi fyrir ákveðnum dýrum
- Fá fleiri hátalara fyrir bjölluna til að hækka hljóðið.
- Tvístra hópnum þannig að yngri krakkarnir fari fyrst í frímínútur því að það eru of mikil læti og þröngt niðri í kjallara.
- Fá fleiri tennisbolta undir stólana og borðin.
- Fá vatnsbrunn einhverstaðar í skólanum.
- Teikna upp skólalóðina.

Þingið gekk mjög vel. Þátttakendur voru u.þ.b. 80 manns, allir voru áhugasamir og tóku virkan þátt í vinnunni, góðar umræður mynduðust í hópunum. Tímasetningar og almenn framkvæmd þingsins gekk vel upp, tæknileg atriði, s.s. tölvuskrásetning, míkrofónn ofl. voru vel skipulögð og auðvelduðu vinnuna töluvert. Hver hópur fékk eina fartölvu þar sem búið var að undirbúa skjal með viðeigandi umræðupunktum. Að kynningu lokinni var skjalið vistað á skýi með öðrum skjölum, þannig að hægt var að taka saman efni umræðnanna strax að loknu þinginu.

Umræður og punktar sem bárust skólastjórnendum frá umræðuhópunum verða nýttir til þróunar á starfinu í vetur bæði innan stjórnunarteymisins og starfsmanna alls skólans. Þessi umræða og áframhaldandi vinna við innleiðingu uppeldisstefnunnar Uppeldi til ábyrgðar munu án efa hafa í för með sér jákvæða þróun fyrir skólann okkar og skólasamfélagið.